

12. maí 2022 kl. 19:30 – 22:00

G listinn fundar með íbúum í sumarhúsum/heilsárshúsum

Fimm fulltrúar frá G lista kynna sína afstöðu til málefna fólks sem býr allan ársins hring í sk
sumarhúsum eða heilsárshúsum. Mættir frá G lista: Ragnheiður Eggertsdóttir, Dagný
Davíðsdóttir, Guðjón Kjartansson, Bergur Guðmundsson, Þorkell Þorkelsson.

Mættir voru 9 íbúar úr mismunandi sumarhúsabyggðum: Bjarkarborgum, Kerhrauni,
Berjaholtslæk, Hraunborgum, Lambholti í landi Hæðarenda,

Í upphafi fundar kynna frambjóðendur sig með nafni og starfi og allir lýsa yfir miklum vilja til
að gera sitt besta til að taka samtalið við íbúa í sumarhúsum og finna lausn á þeim
vandamálum sem upp hafa komið s.s. varðandi sendingar á pökkum og afhendingu bréfa,
skráningu heimilis í rétt hús o.s.frv.

Bent var á að árlega fá sumarhúsaeygndur sent bréf frá Sveitastjórn þar sem tiltekið er að
ekki megi skrá lögheimili í frístundabyggð, ásamt fleiri upplýsingum um sorphirðugjald
o.s.frv.

Rætt var um lausagöngu sauðfjár en sumir upplifa mikinn ágang kinda á sumarhúsalóðir
sínar. Vegagerðin er að hefja framkvæmdir girðingavinnu sem mun leysa þetta mál að öllum
líkindum.

Rætt um fyrirhugaða námavinnslu í Seyðishólum þar sem uppi eru hugmyndir um að auka
mikið námavinnslu á næstu 15 árum, sem þýðir mikinn fjölda þungaflutninga með mól í
gegnum sveitina með tilheyrandi ónáði fyrir sumarhúsa íbúa. Var afstaða fundargesta
neikvæð gagnvart þessari auknu námuvinnslu og flutningum.

Spurt var um stefnu listans í umhverfismálum s.s. kolefnisspor o.fl. Listinn hefur það á stefnu
sinni að minnka kolefnisspor t.d. með því að koma upp frístundabíl sem ekur börnum heim
eftir frístundastarf í stað fjölda stakra bíla sem koma að sækja hvert og eitt barn.

Rætt um slæma umgengni á nýrri grenndarstöð við Seyðishóla þar sem talsvert er um að fólk
beri ekki virðingu fyrir umhverfi sínu og skilji draslarí eftir s.s. dýnur, málningu og fleira sem
á að fara með inná flokkunarstöðina sjálfa.

Spurt var, - hvers vegna eigum við að kjósa G listann? Hvað bjóðið þið okkur íbúunum? G
listinn vill byggja íbúakjarna fyrir eldri borgara. Leigja þar út litlar íbúðir fyrir eldri borgara.
Rætt um nauðsyn þess að hafa félagslegar íbúðir.

G listinn vill ráða sveitarstjóra til að fá ferskar hugmyndir og fagmennsku í sveitastjórnina.
Listinn vill opna á gegnsæja stjórnsýslu þar sem virðing er borin fyrir öllum óháð tengslum
við aðra sveitunga.

Rætt um vandamál sem íbúar í sumarhúsum rekast á,

1. Hærri vextir af lánum og styttri lánstími þar sem þessir íbúar fá ekki húsnæðislán
heldur aðeins frístundahúsalán.

12. maí 2022 kl. 19:30 – 22:00

2. Fjármagnstekjuskatt þarf að greiða þegar húsin eru seld ef verðhækkun hefur orðið frá því húsið var keypt. Þetta á við ef húsið er selt innan 7 ára.
3. Póstur ekki borinn í hús og vandamál að stofna pósthólf
4. Bankar vilja ekki leyfa millifærslur á erlenda reikninga ef einstaklingur er skráður „ótilgreindur“ vegna peningabættislaða.
5. Ekki snjómokstur og soprhirða eða skólabíll. Snjómokstursleysi er mikið vandamál fyrir suma íbúana og kom í ljós hjá einum íbúa sem býr í Hraunborgum að mögulega þarf að gefast upp á búsetu í sumarhúsinu sínu vegna skorts á snjómokstri.

G listinn vill stofna samráðshóp með fulltrúum sveitastjórnar og fulltrúum íbúa í sumarhúsum þar sem farið er yfir það hvernig hægt er að finna lausnir á þessum vandamálum.

Rætt um losun seyru sem þykir ekki vera nógu tíð.

Rætt um þjónustubíl fyrir fatlaða og samning sem var á milli Sólheima og sveitarfélagsins um þessa akstursþjónustu.

Rætt um atvinnumál í sveitarfélaginu. Nú er lítið í gangi í samanburði við Reykholt. Lítið annað en sundlaug, tjaldstæði og verslunin Borg. G listinn hefur mikinn áhug á að virkja strauminn, þ.e. straum ferðamanna sem streymir í gegnum sveitarfélagið. Hugmynd þeirra er að byggja íbúðar- og verslunarkjarna þar sem nú er tjaldstæði og tjaldstæðið færi í staðinn þar sem nú er brennan hjá golfvelli.

Rætt um göngustígagerð og að það þurfi að auka göngustíga til að gera íbúum á Borg og sumarhúsafólki léttara að hreyfa sig og þar með styrkja heilsu.

Rætt um andlit sveitarfélagsins sem er Verslunin Borg, bensíndælurnar og malarplanið þar í kring. Þarna er óáhugavert útlit á þessu hjarta sveitarfélagsins. Þarna vantar blómabeð, skilti sem býður fólk velkomið í Gogg o.s.frv.

Rætt um vatnsból og kaldavatnsskort í sveitarfélaginu. Nú á að leggja lög frá Kaldárhöfða og leysa málið þannig.

Íbúar kynna sig, nafn og hvers vegna fólk flutti í Grímsnesið í sk. frístundahúsabyggð.

Fundargerð ritaði Heiða Björk Sturludóttir,
Bjarkarbraut 26, Bjarkarborgir